

Unglingadrykkja og viðbrögð við henni

Inngangur

Mikil umræða hefur verið um áfengisneyslu unglunga í íslensku samfélagi á síðustu árum og er hún almennt talin mikið áhyggjuefni. Áhugi almennings á málefnum unglunga hefur aukist, umræða um skólamál hefur aukist og höfðað er til ábyrgðar foreldra á velferð unglunganna. Rannsóknir sýna að unglingadrykkja hefur aukist og að unglingar eru yngri en áður þegar þeir byrja að nota áfengi í einhverjum mæli. Rannsókn á áfengisneyslu íslenskra unglunga sýndi að þeir sem höfðu hætt í skóla drukku meira en hinir sem enn voru í skóla (Ása Guðmundsdóttir 1990). Erlendar rannsóknir benda til að áfengisneysla unglunga tengist meðal annars brottfalli úr framhaldsskólum og ótímabærri þátttöku í fullorðinsheiminum, án undirbúnings eða færni til þess (Guy o.fl. 1994). Umræðan í fjölmiðlum og meðal almennings hefur því í auknum mæli beinst að því að reyna að fyrirbyggja að unglingar hefji áfengisneyslu jafnsnemma og þeir gera í dag. Til þess að hægt sé að beita markvissum forvörnum er nauðsynlegt að fylgjast með þeim breytingum sem verða á neysluvenjum unglunga. Greining á viðhorfum ungs fólks til neyslu áfengis og takmarkana á aðgengi að því er talin gefa til kynna hvort drykkjumeningin er að breytast eða ekki. Á sama hátt má segja að viðhorf til leyfilegs áfengiskaupaaldurs séu háð félagslegri skilgreiningu á því hvenær fullorðinsárin hefjist.

Reglur um áfengisneyslu unglunga

Hér á landi eru strangar reglur um meðferð áfengis, og þær eru ennþá strangari fyrir unglunga en aðra. Þetta er hluti af ákveðinni áfengismálastefnu. Lágmarksaldur til áfengiskaupa er 20 ár en kosningaaldur er 18 ár. Lögbundinn lágmarksaldur fyrir aðgang að veitingahúsum og dansstöðum sem selja áfengi er einnig 20 ár, en einstakir staðir geta sett og setja aðrar reglur, t.d. 22 eða 23 ár. Í Danmörku

eru engin höft um áfengiskaupaaldur, en 18 ára aldursmörk fyrir vínveitingar á veitingahúsum. Þar sem komið hefur í ljós að danskir unglingar drekka mest allra evrópskra unglunga er nú í undirbúningi lagasetning sem bannar sölu áfengis til unglunga yngri en 15 ára. Í Svíþjóð eru aldursmörkin 20 ár fyrir kaup á áfengi í áfengisútsölum, en 18 ár til að kaupa áfenga drykki á veitingahúsum. Í Noregi eru aldursmörk 20 ár fyrir sterkt áfengi, en 18 ár fyrir bjór og létt vín, án tillits til þess hvar áfengið er keypt. Í Finnlandi eru aldursmörkin 18 ár, nema við kaup á sterku áfengi. Flest önnur Evrópulönd hafa lægri aldursmörk. Aðeins í Bandaríkjunum eru aldurstakmörk sambærileg við það sem hér er.

Áfengisneysla unglunga

Þau norm sem stýra því hversu gamlir unglingar eru þegar þeir byrja að neyta áfengis endurspeglar hlutverk áfengis í samfélaginu, en einnig stöðu unglunga, en hvort tveggja hefur tekið miklum breytingum á síðustu öldum (Mäkelä 1984). Rannsókn sem gerð var á unglungum í Reykjavík árið 1972 sýndi að u.þ.b. helmingur bæði pílta og stúlkna á aldrinum 13 til 15 ára og meira en 80% 16 til 19 ára unglunga sögðust hafa neytt áfengis (Hildigunnur Ólafsdóttir 1973). Könnun sem gerð var á vegum Landlæknisembættisins árið 1980 í skólum víðsvegar um landið sýndi að tveir þriðju hlutar 15 ára pílta og meira en 80% stúlkna á sama aldri höfðu neytt áfengis (Guðrún Ragnarsdóttir Briem 1980). Í töflu 1 má sjá samanburð á niðurstöðum þriggja kannana sem gerðar hafa verið á áfengisneyslu unglunga á síðustu árum. Kannanir frá 1988 og 1992 eru gerðar meðal unglunga á öllu landinu (Ása Guðmundsdóttir 1994), en sú frá 1995 er gerð meðal reykvískra unglunga (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Blöndal 1995). Athyglisvert er að ekki hefur mælst munur á drykkju unglunga eftir búsetu (Ása Guðmundsdóttir 1990).

Tafla 1.

Unglingar sem hafa prófað að drekka áfengi

Aldur	1988	1992	1995
14 ára	55%	35%	66%
15 ára	70%	64%	77%

Tafla 1 sýnir að árið 1992 hafði heldur dregið úr fjölda 14 og 15 ára unglunga sem höfðu prófað að drekka áfengi, en 1995 hafði þeim aftur fjölgað verulega, þannig að í heildina eru nú mun fleiri sem hafa prófað að drekka en árið 1988. Í mörgum tilvikum hafa unglungarnir aðeins prófað áfengi einu sinni eða tvisvar og er því varla hægt að tala um að þeir drekki. Í könnunum 1988 og 1992 sögðust þeir unglungar sem höfðu prófað áfengi flestir hafa verið 14 ára þegar þeir neyttu áfengis í fyrsta sinn (Ása Guðmundsdóttir og Tómas Helgason 1993). Greinileg skil voru á milli 14 og 13 ára og árið 1995 virðist byrjunaraldurinn hafa færst neðar, þ.e. þá mælast þessi skil á milli 13 og 12 ára aldurs.

Drykkjuvenjur unglunga

Þrátt fyrir að opinberlega sé lítið á áfengisneyslu unglunga sem heilsufarslegt og félagslegt vandamál og reynt sé að sporna við henni, þá er hún löngu komin inn í unglungamenninguna sem hluti af því ferli sem markar þau skil sem verða þegar bernskan er kvödd. Bent hefur verið á að líta megi á áfengisneyslu unglunga sem viðleitni til að glíma við þroskaverkefni, aldursbundna erfiðleika og sálrænan vöxt (Pape og Hammer 1996). Þar af leiðandi upplifa unglungar drykkjuna á jákvæðari hátt en þeir sem eldri eru. Drykkjuvenjur unglunga mótast þó af því að þær eru iðkaðar í trássi við formlegar reglur samfélagsins, jafnvel þótt óformlegar reglur séu umburðarlyndari en löggjöf gefur til kynna. Þegar unglungar eru að hefja áfengisneyslu sína verður hún oft óregluleg og tilviljunum háð. Á aldrinum 16 til 19 ára er hún oft orðin reglubundnari og meiri. Þegar skoðaðir voru hópar 13 til 15 ára unglunga annars vegar og 16 til 19 ára unglungar hins vegar, þá drukku eldri unglungarnir mun oft en þeir yngri. Þeir drukku líka meira magn í einu og urðu þar af leiðandi oftardrukknir (Ása Guðmundsdóttir 1992). Yngstu

stúlkurnar drukku oft en jafnaldrar piltar en í eldri hópnum drukku stúlkur sjaldnar en piltar. Langalgengast var að eldri piltarnir drykkju í hverri viku. Frá 1988 til 1992 varð aukning á drykkjutíðni í öllum hópnum nema hjá eldri stúlkum.

Áður en farið var að selja bjór hér á landi var algengara að unglungar drykkju sterkt áfengi en létt vín. Sumar stúlkanna kusu þó létt vín, einkum þær eldri, en eftir að bjór kom á markað virðist sem léttvín hafi alveg horfið sem unglungadrykkur. Vinsælast virðist meðal unglunga að drekka bæði bjór og sterkt áfengi, einkum virðast eldri piltar drekka hvort tveggja í sama skiptið. Sterkt áfengi er enn ríkjandi sem unglungadrykkur og ekki á undanhaldi.


Flestir unglungar drekka um helgar, á föstudags- og laugardagskvöldum, eins og hinir fullorðnu. Þeir eru að skemmta sér með vinum sínum, oftast í heimahúsum, en margir unglungar segjast einnig drekka niðri í bæ, á götum úti. Í flestum stærri bæjum er miðbæjarkjarni þar sem unglungarnir safnast saman á kvöldin. Á smærri stöðum verður oftast einhver staður í bænum að samkomustað unglunganna. Einkum eru það yngstu unglungarnir, sem hafa meira aðhald heima, sem drekka úti, en þar er lítið sem ekkert aðhald í umhverfinu. Í þessu sambandi hefur því verið haldið fram að þegar ungt fólk er útilokað frá drykkjuvettvangi og venjum fullorðna fólksins, þá skapi það sér sína eigin skuggaveröld sem felur í sér aukna áfengisneyslu (Henriksen og Sande 1994). Með því að fara niður í bæ skapa unglungarnir sér sinn eigin ramma utan um það sem þau eru að gera, m.a. fyrstu áfengisneyslu, en þar er þá heldur enginn ábyrgur sem gæti komið í veg fyrir skaðlegar afleiðingar neyslunnar.

Þeir sem eldri eru fara á diskótek eða krár, en eftir að farið var að selja bjór fjölgaði eldri piltum sem sögðust drekka á veitingastöðum. Á sama tíma varð mikil fjölgun á veitingastöðum með vínveitingaleyfi og krám. Hugsanlega hefur aukið framboð vínveitingastaða í för með sér eftirsókn eftir viðskiptavinum, þannig að þeir opna fyrir yngri fólki þrátt fyrir bann við slíku. Einnig er mögulegt að slaknað hafi á eftirliti með vínveitingum til yngra fólks samfara fjölgun vínveitingastaða.

Viðhorf unglunga til áfengis

Talið er að með því að skoða viðhorf unglunga til áfengisneyslu og ölvunar megi sjá vísbendingar um þróun drykkjuvenja þeirra. Rannsóknir á áfengisneyslu á Norðurlöndunum hafa leitt í ljós að sú hefð að nota áfengi svo til eingöngu í þeim tilgangi að verða ölsaður hefur haft mikil áhrif á viðhorf til áfengis og neyslu þess (Mäkelä 1984, Tigerstedt og Rosenkvist 1995). Norræn áfengisneyslukönnun sem gerð var árið 1979 sýndi að fullorðnir Finnar, Norðmenn og Svíar gerðu greinarmun á þeim aðstæðum þar sem þeim fannst áfengisneysla viðeigandi og þar sem þeim fannst viðeigandi að fólk yrði ölsað. Íslendingar á hinn bóginn skáru sig úr að því leyti að þeir gerðu engan greinarmun á áfengisneyslu og ölvun, þ.e. ef þeir samþykktu að fólk drykki við einhverjar aðstæður, þá fannst þeim líka í lagi að fólk yrði ölsað. Þetta er einnig gjörólíkt þeim viðhorfum til áfengis sem ríkja í Suður-Evrópu, þar sem vín- og bjórdrýkkja er hluti af daglegu lífi, en ölvun þykir ósæmileg.

Mynd 1




Í unglingskönnunum árin 1988 og 1992 voru skoðuð viðhorf unglunganna til áfengisneyslu og ölvunar (Ása Guðmundsdóttir 1992). Unglingarnir voru spurðir hvað þeim fyndist um að ungt fólk neytti áfengis eða fyndi á sér við ýmsar aðstæður, í partíum, á skólaböllum, eftir skólaböllum, í útilegu, á fjölskyldusamkvæmum eða niðri í bæ um helgar. Mynd 1 sýnir að unglungarnir eru jákvæðastir gagnvart drykkju ungs fólks í partíum. Árið

1992 hafði þeim unglungum fjölgað sem þótti viðeigandi að drekka í bænum um helgar, í útilegum og í tengslum við skólaböll. Unglingum finnst á hinn bóginn ekki við hæfi að ungt fólk drekki í fjölskyldusamkvæmum. Svör þeirra gefa til kynna að þeim finnst að unglungar eigi aðeins að drekka við sérstakar aðstæður þar sem eingöngu eru jafnaldrar en óviðeigandi sé að þeir drekki innan um fullorðið fólk. Í ljós kom í sömu rannsókn að viðhorf íslenskra unglunga til ölvunar eru nokkurn veginn þau sömu og til áfengisneyslu, þ.e. unglungarnir greina ekki á milli neyslu áfengis og ölvunar (Ása Guðmundsdóttir 1992) enda eru þau alin upp í þeim anda, sbr. Norrænu áfengiskönnunina frá 1979 (Hildigunnur Ólafsdóttir 1988). Þetta hefur verið skýrt með því að til skamms tíma var svo til eingöngu drukkið sterkt áfengi hér á landi og oftast í ölvunarskyni. Unglingar drekka áfengi til að komast í vímu við ákveðnar afmarkaðar aðstæður. Þetta skýrir hugsanlega af hverju þeir halda áfram að drekka sterkt áfengi til viðbótar við bjórinn, það hentar vel til þess að komast í vímu. Annað sjónarmið er að þær aðstæður þar sem unglungar hópast saman eru vettvangur til hvers konar samskipta unglunga og áfengisneysla er aðeins einn hluti af því sem þar fer fram. Slíkir staðir draga unglunga að, ekki endilega í þeim tilgangi að drekka áfengi, heldur vilja þeir vera hluti af hópnum. Unglingar sem sækjast eftir þátttöku í slíkum samkomum drekka ekki allir áfengi, en ef þeim finnst að þeir þurfi að neyta áfengis til að verða hluti af hópnum, þá gera margir það, sumir sjaldan en aðrir oft. Áfengisneysla er aðgöngumiði að ákveðnum hópum og ákveðnum samkomum, en þar sem unglungar koma saman og áfengi er haft um hönd eru alls ekki allir undir áhrifum áfengis, heldur er áfengið einn þáttur í hópmenningunni.

Viðhorf unglunganna til áfengisneyslu fullorðinna lúta öðrum lögmálum en viðhorfin til unglungadrykkju. Í könnunum 1988 og 1992 var spurt um viðhorf gagnvart áfengisneyslu fullorðinna, hversu viðeigandi unglungum fyndist að þrítugur maður, sem ekki hefði nein sérstök vandamál vegna áfengis, drykki annars vegar eina eða tvær flöskur af áfengum bjór og hins vegar svo mikið að hann „fyndi á sér“. Greint var á milli aðstæðna sem tengjast daglegu lífi, atvinnulífi og frí-

Mynd 2



tíma. Eins og fullorðnir setja unglungarnir skörp skil á milli aðstæðna sem tengjast vinnu og frítíma, en þróunin virðist vera í átt til aukins frjálshæðis, þau eru jákvæðari gagnvart áfengisneyslu fullorðinna 1992 en þau voru 1988. Gagnvart neyslu fullorðinna eru þau meðvituð um að áfengisneysla þurfi ekki alltaf að leiða til ölvunar og eigi ekki að gera það nema við ákveðnar aðstæður, þótt umburðarlyndið gagnvart því hafi aukist.

Sýnt hefur verið fram á að lög um lágmarksaldur fyrir sölu áfengis eru áhrifarík til að draga úr áfengisneyslu og vandamálum sem af henni hljóta (Williams and Lillis 1986). Unglingarnir voru spurðir hvaða lágmarksaldur þeim fyndist eiga að vera við sölu áfengra drykkja. Flestum þeirra fannst að aldurstakmarkið ætti að vera 18 ár fyrir bjór og létt vín en 20 ár fyrir sterkt áfengi.

Unglingar sem drekka hafa jákvæðara viðhorf til áfengisneyslu en þeir sem drekka ekki (Ása Guðmundsdóttir 1992, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Blöndal 1995). Segja má að unglungar séu samkvæmir sjálfum sér þannig að samræmi er á milli viðhorfa þeirra og hegðunar.

Umræða

Á síðustu áratugum hafa viðhorf til áfengis og neysluvenja verið að breytast. Í kjölfar þess hefur staða áfengis í samfélaginu einnig breyst. Áfengi er drukkið oftar, við nýjar aðstæður, t.d. með mat. Áfengisneyslan takmarkast ekki við sterkt áfengi,

heldur eru einnig drukkin létt vín og bjór. Veigamikil breyting varð þegar banni við sölu á áfengum bjór var aflétt árið 1989. Í því sambandi var mikil umræða um það hvaða áhrif þessi breyting myndi hafa á áfengisneyslu unglunga. Sumir töldu að ungt fólk myndi drekka meira og byrja ennþá yngra að neyta áfengis en áður, enda er vitað erlendis frá að unglungar hefja gjarnan áfengisneyslu sína með því að drekka bjór, vegna þess að í mörgum löndum er bjór ódýrasta áfengið og auðveldast að nálgast hann. Aðrir bentu hins vegar á að þessi breyting myndi hafa bætandi áhrif á drykkju unglunga, þar eð þeir myndu þá drekka bjór frekar en sterkt áfengi og þannig myndi draga úr ölvun og öðrum skaðlegum afleiðingum af áfengisneyslu unglunga.

Rannsóknir síðustu ára sýna að áfengisneysla unglunga hefur aukist á síðasta áratug. Þeir virðast byrja að drekka yngri en áður, drekka oftar og meira magn af áfengi og viðhorf þeirra til áfengisneyslu eru jákvæðari en áður. Þeir byrja margir á að drekka bjór en ekki hefur enn verið hægt að sýna fram á að þeir drekki minna sterkt áfengi en áður. Þó virðist áfengisneysla íslenskra unglunga ekki frábrugðin því sem gerist á öðrum Norðurlöndum, t.d. í Noregi (Hammer og Vaglum 1990). Þar hefur verið bent á að áfengisneysla unglunga sé tákni um eðlilega aðlögun að jafningjahópnum og líta þurfi á hana sem hluta af því að fylgja straumnum. Sýnt hefur verið fram á lélegra sjálfsmat, kvíða og þunglyndi hjá piltum sem ekki fylgja straumnum, þ.e. þeim sem byrja mjög snemma að drekka og þeim sem ekki drekka sem unglungar (Pape og Hammer 1996). Á hinn bóginn ber á það að líta að þegar aukning verður á neyslutíðni og magni þá bendir það til þess að fleiri unglungar drekki svo mikið að afleiðingarnar verði skaðlegar fyrir þá sjálfa og umhverfi þeirra. Flestar rannsóknir sýna að misnotendur áfengis hafa byrjað ungir að drekka (Tómas Helgason 1983). Vísbendingar eru um að því fyrr sem einstaklingur byrji að drekka, þeim mun líklegra sé að hann muni síðar meir lenda í erfiðleikum vegna drykkjunnar (Einar Gylfi Jónsson 1993). Því eru skoðanir enn mjög skiptar um það hvort unglungadrykkja sé eðlilegur hluti af því að komast til manns eða byrjun á misnotkunarmynstri sem nauðsynlegt sé að fyrirbyggja.

Bent hefur verið á nauðsyn þess að líta á áfengisneyslu íslenskra unglunga í ljósi þess að þeir hafa margir verið mjög sjálfstæðir frá unga aldri, miðað við unglunga í öðrum vestrænum löndum. Þeir hafa tekið virkan þátt í atvinnulífnum og hafa því margir að miklu leyti verið fjárhagslega lítt háðir foreldrum sínum. Þar sem þeir hafa líka oft haft nokkur fjárráð, þá eru þeir mikilvægur neytendahópur. Talið hefur verið líklegt að þessi skilyrði hafi haft áhrif á áfengisneyslu íslenskra unglunga og viðhorf þeirra til hennar (Hildigunnur Ólafsdóttir, í prentun). Á hinn bóginn hefur þetta verið að breytast nú á síðustu árum. Atvinnulífið þarf síður á unglungum að halda auk þess sem EES-tilskipun um vinnulöggjöf takmarkar vinnu barna og unglunga miðað við það sem algengt var hér á landi. Samfélagið gerir kröfur um lengri skólatíma og aukna menntun, þannig að unglingar eru í auknum mæli háðir foreldrum sínum fram á fullorðinsár. Ef áfengismisnotkun leiðir til þess að þeir hætta snemma í skóla hafa þeir litla möguleika á að takast á við kröfur atvinnulífsins. Sýnt hefur verið að áfengismisnotendum vegnaði verr í barnaskóla en öðrum. Það bendir á nauðsyn þess að sinna nemendum sem illa gengur sérstaklega til að fyrirbyggja síðari áfengismisnotkun (Tómas Helgason 1983). Talið er foreldrarir viti hvað unglungunum er fyrir bestu og æskilegt þykir að þeir grípi í taumana. Í takt við slíkar þjóðfélagsbreytingar er rætt um að hækka sjálfræðisaldur úr 16 árum í 18 ár. Þannig gætu foreldrar m.a. komið eldri unglungum í vímuefnamedferð gegn vilja þeirra ef foreldrarir teldu það nauðsynlegt.

Á síðustu árum hefur talsverðum kröftum verið beitt í þágu forvarna. Á tímabili dró verulega úr tóbaksreykingum unglunga sem bendir til að þar hafi forvarnir tekist vel. Þær hafa reyndar aukist aftur á sama tíma og áfengisneyslan eykst og virðist aukning á reykingum og áfengisneyslu unglunga fara saman. Yfirvöld eru að reyna að samhæfa forvarnarstarf til að aðgerðir verði markvissari. Þegar litið er til aukinnar áfengisneyslu unglunga á síðustu árum vaknar sú spurning hvort áfengi hafi orðið útundan í umræðunni um forvarnir. Jafningjafræðsla ungs fólks sem fer inn í framhaldsskólana með fræðslu fyrir nemendur var sett á stofn til höfuðs ólöglegum vímuefnum, en

þar eru flestir byrjaðir að nota áfengi að staðaldri, þannig að þeir eru ekki tilbúnir að taka við upplýsingum gegn áfengisneyslu. Ein af ástæðunum fyrir því að forvarnarstarfið hefur til skamms tíma ekki skilað árangri er hugsanlega ágreiningur um nálgun. Áfengi er leyfilegt í samfélaginu og 90% nota það. Annars vegar vill fólk fá að njóta áfengis, þ.e. jákvæðra áhrifa sem hluta af matarvenjum, til þess að halda upp á eitthvað, auðvelda félagsleg samskipti og til að slaka á. Hins vegar á fullorðið fólk erfitt með að setta sig við að unglingar sæki í þennan þátt fullorðinsmenningarinnar, þannig að oft skapast togstreita á milli unglunga og fullorðinna vegna áfengisneyslu, einkum þar sem forvarnaumræðan beinist nú að því að hneppa unglungana inn í faðm fjölskyldunnar og höfðað er til ábyrgðar foreldranna á að setja þeim skýr mörk.

Heimildir:

- Ahlström, Salme (1987). Young People's Drinking Habits. In: Simpura, J. (ed.). Finnish Drinking Habits. Results from Interview Surveys Held in 1968, 1976 and 1984. Helsinki, The Finnish Foundation for Alcohol Studies, vol.35.
- Ása Guðmundsdóttir (1990). The Increased Alcohol Consumption and Intoxication Frequency of Icelandic Youths after the Legalization of Beer. Nordisk Samhällsvetenskapligt alkohol-forskarmöte: Alkoholpolitik och samhällsförändringar, Hveragerði, 3.-7. september 1990.
- Ása Guðmundsdóttir (1992). Teenagers' attitudes towards what is appropriate in different drinking situations. Fyrirlestur fluttur á 18th Annual Epidemiology Symposium Kettill Bruun Society, 1-5 júní 1992, Toronto, Kanada.
- Ása Guðmundsdóttir og Tómas Helgason (1993). Aukin áfengisneysla unglunga - vaxandi áhyggjuefni. Læknablaðið/fréttabréf lækna, 9, 1993, 10-11.
- Ása Guðmundsdóttir (1994). Áhrif bjórsins á áfengisneyslu íslenskra unglunga. Tímaritið Áhrif. Af vettvangi vímuefnamála. September 1994.
- Einar Gylfi Jónsson (1993). Vímuefnaneysla unglunga. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstj.), Sálfræðibókin (bls.661-670) Reykjavík, Mál og menning.
- Guðrún Ragnarsdóttir Briem (1981). En enkätundersökning, -om alkoholvanor bland isländsk skolungdom 1980, -om förändringar i alkoholvanor bland isländsk skolungdom under 1970 talet. Linköpings Universitet.
- Guy SM, Smith GM, Bentler PM (1994). Consequences of adolescent drug use and personality factors on adult drug use. J Drug Education, Vol 24(2), 109-132.
- Hammer, T and Vaglum, P (1990). Use of alcohol and drugs in the transitional phase from adolescence to young adulthood. Journal of Adolescence 13,129-142.
- Henriksen, O og Sande, A (1994). Skyggeliv i rampelys. Antropologisk perspektiv på ungdom. Lokalsamfunn, ritualer og rus. Nordisk Alkohol-tidsskrift, 11;4, 200-212.
- Hildigunnur Ólafsdóttir (1973). Unglingar og áfengi. Könnun á áfengisneyslu unglunga í Reykjavík. Reykjavík, Félagsmálstofnun Reykjavíkurborgar.
- Hildigunnur Ólafsdóttir (1988). Viðhorf almennings til drykkjúsýki. Læknablaðið, 74;4, 159-164.

- Hildigunnur Ólafsdóttir. Adolescent Drinking in Iceland. In: Ahlström S. and Harford, T.(Eds.). An International Comparative Study. In print.
- Mäkelä, K (1984). Attitudes Towards Drinking and Drunkenness in Four Scandinavian Countries. SIFA-Mimeograph no. 77, National Institut for Alcohol Research, Oslo.
- Pape, H og Hammer, T (1996). Sober adolescence - Predicor of psychosocial maladjustment in young adulthood. Scandinavian Journal of Psychology, 37,4,362-377.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Blöndal (1995). Áfengisneysla reykvískra unglunga og viðhorf þeirra til slíkrar neyslu. Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 4. árg., 35-57.

- Tigerstedt, C og Rosenkvist, P (1995). The Fall of a Scandinavian Tradition? Recent Changes in Scandinavian and Finnish Alcohol Policy. Nordisk Alkoholtidsskrift, 12, English Supplement, 89-95.
- Tómas Helgason (1983). Faraldsfræði og geðvernd. Læknablaðið, fylgirit 17; 109-112.
- Williams, T og Lillis, R (1986). Changes in Alcohol Consumption by 18-Year Olds Following an Increase in New York State's Purchase Age to 19. Journal of Studies on Alcohol, 47;4, 290-296.

Ása Guðmundsdóttir er deildarsálfræðingur á áfengisskor á geðdeild Landspítalans.